

ÍSRAELS fréttir

Ábm. Ólafur Jóhannsson

1. tbl. 12. árg. 2005



Hvað er Kristna sendiráðið í Jerúsalem?

Kristna Sendiráðið í Jerúsalem, 25 ára.

13 þjóðir fluttu sendiráð sín frá Jerúsalem til Tel-Aviv vegna þrystings frá arababjóðum um verslunarbann á olíu ef þessar þjóðir viðurkenndu Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels. 1400 kristnir einstaklingar frá 40 löndum komu saman til bæna og ráðagerða. Það var þá ákveðið að stofna eigið Sendiráð í Jerúsalem. Með þessu vildu hinir kristnu sýna Ísrael samstöðu og viðurkenna Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels. Jerúsalem hefur verið höfuðborg Ísraels í meir en 3000 ár. Enn í 19 ár voru gaddavírsgríðingar sem skiptu henni í two hluta undir hernámi Jórdana. Í sex daga stríðinu endurheimtu gyðingar hin hernumdu svæði. Margir kristnir sáu þá orð Jesú rætastJerúsalem mun verða fótum troðin heiðingjum, þangað til tímar heiðingjanna eru liðnir" (Lük.21.24). Markmið Sendiráðsins er að vera sem "varðmenn við múra Jerúsalem". Fyrir utan hina miklu fyrirbænaþjónustu, sem er einn af hornsteinum starfsins, hvetur það og aðstoðar þá gyðinga sem vilja flyttast til landsins. Sérstaklega hefur aðstoð þess verið mikil og virk meðal rússneskra gyðinga og á seinni árum gyðingum frá Eþíópíu og víðar. Ísraelska ríkisstjórnin hefur veitt Sendiráðinu viðurkenningu og þakklæti fyrir ómetanlegt hjálparstarf þeirra.

ICEJ, "International Christian Embassy Jerusalem.

Hjálparstarf Sendiráðsins er þó ekki eingöngu bundið við gyðinga í Ísrael. Á síðari árum hefur hjálparstarf þess aukist meðal fátækra palestínu/araba sem margir þeirra hafa liðið miklar þjáningar í kjölfar ófriðar. Kristna Sendiráðið rekur mikið hjálparstaf á hinum svokallaða Vesturbakka meðal barnaskóla og sjúkrahúsa. Frá árinu 1980 hefur Sendiráðið tekið þátt í hinni Bíblíulegu Laufskálahátið sem alltaf er á haustin og hafa um 5-6000 kristnir frá meir en 100 löndum tekið þátt í þeirri gleðihátið árlega. Fjöldi íslendinga hefur á undanförnum árum tekið þátt í þessari hátið. Margir þeirra oftar en einu sinni.

Þrátt fyrir að Kristna Sendiráðið taki ákveðna afstöðu með Ísrael og styðji þá í baráttu þeirra við að varðveita sjálfstæði sitt, þá er K.S.ekki and-arabískt og styður þá sem eiga erfitt, gyðinga og palestínu-araba. Félagið Zón, vinir Ísraels hér á landi er í góðum tengslum við Kristna Sendiráðið í Jerúsalem og er undirritaður fulltrúi þeirra hér á landi. Eins og segir í stofnskrá félagsins Zón....að vera vinur Ísraels þýðir ekki að vera óvinur annarra.

Ólafur Jóhannsson.

Hópferð til Ísrael 10-20 júní 2005 / sjá baksíðu



Ísrael í nýju ljósi!

Ferðin míni hófst eins og allra annarra með því að svífa á vængjuðum flugvélum. Í Vínarborg var millilent eftir að hafa verið eina nótt í regnvotri Kaupmannahöfn. En þegar við áttum að fara frá Vín kom babb í bátinn. Verkfall var skollið á á flugvellinum í Tel-Aviv. Menn létu þetta ekki slá sig út af laginu heldur gerðu það besta í stöðunni og það var að fara niður í borgina, leigja sér hestvagn og fá útsýnisferð um hina mjög svo fögru Vín. Öllum var bent á Mozart-garðinn til minningar um tónsnillinginn sem endaði í fjöldagröf fátæklinga og umkomulausra. Það var augljóst á leiðsögumanninum hve honum þótti þetta sorglegur vitnisburður um landa sína sem þekktu ekki betur mikilvægi þess að virða minningu undrabarnsins og búa honum virðulega gröf.

En svo komst ég til Ísraels meðan slóði næturinnar var að dragast yfir Miðjarðarhafið. Töskurnar komu ekki með í þeirri ferð svo ég varð án farangurs fyrstu vikuna. Þá sá ég að menn geta ferðast mun léttar en áður var talið því þegar menn þvo fót sín og sokka á hverju kvöldi þá klæðast menn hreinum flíkum á hverjum morgni.

Mér fannst táknrænt að keyra frá flugvellinum í birtingu þessa dags enda fannst mér ferðin öll hafa þau áhrif á mig að hver staður sem ég sá, hver saga sem rifjuð var upp kom með nýja geisla og varpaði meira ljósi á Bibliuna, verk Guðs og allar þær sögur sem kristnir menn hafa alist upp við. Ég ætla að nota aðeins 3 atriði til að draga þetta fram.

Fyrsta er að Ísrael er ungt land aðeins 56 ára. Því líkt undur að sjá þetta ríki sem sprottið hefur upp vaxið og dafnað án nokkurra náttúruauðlinda. Þar er samt góður jarðvegur til að rækta allt sem nánast getur vaxið. Pessi þjóð, Ísraelsmenn, hefur búið dreift um allan heim og víða voru lög landanna þannig að gyðingunum var óheimilt að eiga land til ræktunar. En þegar þeir komu til Landsins helga þá voru þeir ókunnugir ræktunarstörfum eða uppræktun eyðimerkur. En Esekíel hafði talað í 36. kafla "En þér, Ísraeli fjöll, skjótið greinum yðar og berið ávöxt yðar handa lýð mínum Ísrael, því að bráðum munu þeir koma heim."

Allsstaðar blasir þetta við að Orð Guðs hefur ræst. Auðæfi Salómons voru sögð feikimikil. En að komast í nánum Salómons er auðvitað ólysánleg upplifun. Þarna var að finna verksummerki eftir egypiska verkamenn er unnu kopar úr jörðu og gáfu Faraó möguleikann á að fara úr steinaldarstiginu og yfir á bronsaldarstigið. Vopnaframleiðslan gerði koparinn dýrmætar en gull. En þetta snerti líka söguna um eiorminn í eyðimörkinni því staðsetning námanni í Timna gerir söguna mjög sennilega. Þegar fornleifafræðingar fóru að kanna svæðið með uppgreftri þá fundu þeir nokkrar litlar afsteypur af eiormum. Allt bendir því til þess að við sem komum í námurnar vorum á stórmerkilegum stað.

Svo var það grófin tóma. Gordons Golgata blasir við fyrir norðan Jerúsalem. Damaskusarhlíðið er eigi all fjarri og það er talsverða brekku að fara frá hliðinu að Golgatahæð. Þegar þangað var komið og við fengum að stíga inní tómu grófina stakk sú hugsun sig niður að nú væri maður inni í gröf Frelsarans. Hvílustæðið hafði verið stækkað til fótanna og líttill gluggi var á vegnum, líklega svo "sálín gæti vitjað líkamans" frá stjörnuhvelvingunni og hingað á jörð, eins og skilningur manna var þá á eilífu lífi.

En grófin var og er tóm. Þarna stóð ég inni og hugsaði að nú gæti ég fetað í fótspor Jesú, ég gæti gengið út úr grófinni. Nákvæmlega það hreif anda minn og sigur Jesú yfir dauðanum gaf mér rétt til sigurs yfir dauðanum. Ég fór ásamt förunautum mínum inn í Grafargarðinn og þar var brauðið brotið, vínið blessað og minnst pínu, dauða og upprisu Jesú Kristi. Sú stund var enn áhrifaríkari vegna nálægðarinnar við staðinn og svo barst frá trjárjóðrinum ómur annarra hópa sem voru í sömu erindagjörðum, allir vissir um að Jesús Kristur væri upprisinn.

Hann mun koma og stíga fæti sínum á Olíufjallið. Ganga inn í Jerúsalem og stjórna þjóðunum þaðan sem konungur alls jarðríkis.

Það er gott að blesa Ísrael

Snorri í Betel

DV.

DV. birti athyglisverða grein þann 11.nóvember s.l. um fjármálaspillingu Arafats. Þar var vitnað í tímaritið Forbes sem hefur áætlað að persónulegur auður Arafats hafi numið um 300 milljónum dollara eða riflega 20 milljörðum króna. Stórar peningaupphæðir sem bárust PLO, voru settar beint inn á reikning Arafats. Alþjóðabankinn hefur áætlað að frá árinu 2000, hafi alþjóðleg aðstoð við Palestínu numið um einum milljarði dollara eða tæplega 70 milljörðum króna á hverju ári. Mikil hefur verið spáð í spilin en það er enn óljóst hvar mörkin eru milli persónulegra auðæfa Arafats og opinberra sjóða Palestínumannna. Það er aðeins einn sem getur svarað þeiri spurningu. Hann er ekki meðal okkar lengur. En palestínska þjóðin sveltur áfram og liður margvíslegar kvalir og óvissu.



Palestínuríki

Arabar hafa aldrei átt neitt sjálfstætt ríki í Palestínu og ekki haft neina sögulega hefð sem gerir ráð fyrir að þeir séu neitt öðruvísi en aðrir arabar. Fyrsti foringi PLO, Ahmen Shukeiri, sagði 31.maí 1956: „Allir vita að Palestína er ekkert nema suðurhluti Sýrlands“. Assad, forseti Sýrlands tók í sama streng. Allt fram á þessa öld var Palestína ekki til sem sjálfstæð eining, heldur sem hluti af Sýrlandi. Zuheir Mushin, þáverandi æðsti yfirmaður herja PLO og foringi Saiga, sagði í viðtali við hollenskt dagblað árið 1977: „raun er palestínska þjóðin ekki til. Krafan um að aðskilja palestínskt þjóðerni er notuð í pólitískum tilgangi. Stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínuaraba er verkfæri í baráttunni í gegn Ísrael.“ Svo mörg voru þau orð. Helsti sérfræðingur í málefnum Palestínu, M.E.Yapp, sagði um þetta málefni: „Jafnvel árið 1948 sáu Palestínubarabar sjálfa sig sem frekar meðlimi ættar eða staðbundinna, trúarlegra eða þjóðlegra samfélaga en sem Palestínu-menn.“ Pannig eru þeir aðeins þjóðarbrot sem stofnað var í pólitískum tilgangi.



Biðjum Jerúsalem friðar. (Sálm; 122.6)



Tilveruréttur Ísraels

Sérhver sem végengir rétt Ísraels til landsins, berst á móti fyrirheitum Guðs, sem Hann hefur svarið að halda.

1. Mósebók 22:18. 26:2.
35:9.
Davíðs sálm. 105.5-11.



Damaskushliðið

LYGIN

Nokkrar blákaldar



"Vesturbakkinn og Gaza er hernumið Palestínskt land." Pessi frasi er iðulega endurtekinn, af flestum ríkisstjórnunum heimsins og öllum fjölmöldum eins og um sjálfsgagðan sannleika sé að ræða.

Pessi fullyrðing að Vesturbakkinn og Gaza sé hernumið Palestínskt land er viðurkennd sem sannleikur af nánast öllum. Samt er hún, í rauninni, ein mesta lygi sem mannkyni hefur verið sögð!

Ef þú telur að þessi fullyrðing mín sé fjarri lagi, þá bið ég þig lesandi góður, að lesa áfram og meta síðan sjálfur hvort svo sé.

Palestínuarabar fullyrða að Palestína sé þeirra land, að Jerúsalem sé þeirra höfuðborg og að Ísrael hafi hernumið land þeirra. Til að berjast gegn hernáminu, hafi þeir tekið sér rétt til að senda sjálfsmorðssprengjuliða inn í þéttskipaðar strætisvagnastöðvar og veitingastaði til að drepa saklaust fólk, karla, konur og börn. Og allar arabískar og müslimskar þjóðir styðja þá í kröfum þeirra og aðgerðum gegn Ísrael.

Vegna þessa ætlaða hernáms Ísraels á Palestínsku landi, vegna þessa ætlaða glæps gegn palestínskum bræðrum sínum, hata arabar Ísrael og vilja eyða því.

Fyrir þá sem eru kunnugir staðreyndum málsins og hafa særilega glöggun skilning, þá hlýtur þetta að vera mjög heillandi viðfangsefni, vegna þess að aldrei áður hefur algjörri lygi, á jafn firnastórum skala, verið trúáð af svo mörgum um allan heiminn.

Í fyrsta lagi: Ef andúð araba á Ísrael er vegna ástar og umhyggju þeirra gagnvart palestínskum bræðrum sínum - og vegna þess að þeir þrá að palestínskir bræður eignist sitt eigið ríki - hvar var þá sú ást og sá stuðningur áður en Gyðingarákið varð til? Hvar voru þessir ástríku, umhyggjusömu arabísku Palestínuvinir meðan Jórdanía ríkti í Palestínu? Hvers vegna ásökuðu þeir ekki Jórdaníu fyrir hernám á palestínsku landi? Hvers vegna krafðist Arabaheimurinn ekki að Jórdanía aflétti hernámi sínu?

Í öðru lagi: Hvar voru Palestínuarabarnir sjálfir, með allar sínar umkvartanir og kröfur, meðan á hernámi Jórdaníu á Vesturbakkanum og Austur-Jerúsalem stóð? Vissir þú þetta? Vissir þú að Jórdanía ríkti yfir og hersat allan Vesturbakkann, þar með talið Austur-Jerúsalem í 19 ár? Hví höfðu engin arabaríki uppi kröfur um Palestínskt ríki allan þann tíma?

Heyrðum við nokkurn tíma öll þessi ár hneyksluð reiðið óp araba um að Palestína væri hernumin af Jórdanska konungdæminu?

Nei, það gerðum við ekki.

Hvers vegna ekki?

Vegna þess að Palestínskt ríki hefur aldrei verið til! Í allri mannkynssögunni hefur Jerúsalem heldur aldrei verið höfuðborg neins annars ríkis en hins forna Ísraels og nú Ísraels nútímans! Hvernig geta þá komið fram kröfur um að Jerúsalem verði höfuðborg í ríki, sem aldrei hefur verið til?

Eitt vandamálið hér felst í því, að svo fáir þekkja mannkynssöguna vel. Þess vegna er hægt að endurtaka lygar og aftur lygar í síbylju, og fólk telur þær vera sannleika.

Ég hef heyrt marga lærðómsmenn og sömuleiðis einnig arabískan blaðamann, efast um skilgreiningu Palestínuaraba á sjálfum sér sem Palestínuþjóð. Hvað, spyra þeir, gerir þjóð að þjóð?

Það eru fjórir þættir: Tungumál, trúarbrögð, menning og mataræði. Til dæmis eru Kínverjar og Japanir Asíufólk en þó aðgreindar þjóðir, því þeir hafa ólíkt tungumál, ólík trúarbrögð, ólíka menningu og ólíkt mataræði. Palestínuarabar tala hins vegar sama tungumál, hafa sömu trúarbrögð, búa við sömu menningu og hafa svipað mataræði og allir aðrir arabar. Þeir eru einfaldlega Arabar, sem svo háttar um að búseta þeirra er á landsvæði, sem nefnt er Palestína.

Palestína er ekki - og hefur aldrei verið - heiti á þjóðríki eða þjóð.

Það er nafn á landsvæði - rétt eins og Síbería er landsvæði en ekki þjóðríki. Það er ekkert Síberíuland til, né heldur nein Síberíuþjóð. Það er bara landsvæði, alveg eins og Sahara er svæði, ekki þjóðríki. Það er ekkert Saharaland til, né heldur Saharaþjóð. Arabarnir sem þar búa eru Líbíumenn, Marokkómenn o.s.frv. Sahara er einfaldlega landsvæði.

Vegna þess að Palestína er landsvæði, en ekki þjóðríki, þá gat Bretland tekið helminginn af því og gefið það aröbunum er bjuggu austan megin Jórdanár til að stofna konungsríki Jórdaníu. Vegna þess að Palestína er landsvæði, þá gátu Sameinuðu þjóðirnar skipt afganginum af því á milli Gyðinganna og arabanna, sem bjuggu þar. Ef arabarnir hefðu samþykkt tillögu Sameinuðu þjóðanna um skiptingu landsins, þá hefði þar orðið til nýskapað ríki, sem hefði verið nefnt Palestína. En þess í stað höfnuðu þeir tillögu Sameinuðu þjóðanna og hófu strið til að útrýma Ísrael. Þeir töpuðu því striði. Því varð ekkert ríki Palestínuaraba til.

MICLA staðreyndir

eftir Nader Sloan

Davíð konungur byggði borgina Jerúsalem og Salómon konungur, sonur hans, byggði Musterið helga í Jerúsalem. Þetta konungsríki, Ísrael stóð óslitið í meira en 400 ár. Það fullveldi var fyrst rofið, þegar babylónskir innrásarherir, 400 árum eftir valdatíma Davíðs konungs, hersátu landið í 70 ár. Þá, með hjálp Kýrusar hins mikla af Persíu - já, Persíu (núverandi Íran) varð Ísrael aftur fullvalda og musterið var endurbyggt.

Árið 333 f. Kr. sigrar Alexander mikli heri persakonungs og heimsveldi Grikkja nær yfírráðum við austanvert Miðjarðarhaf. Síðar komu Rómverjar og ríktu yfir þessu landsvæði og á eftir þeim müslimskir kalífar. Um 1100 e.Kr. ná Krossfarar yfírráðum yfir landinu, síðan tyrkneska Ottómanaveldið, síðan breska heimsveldið og að því loknu sneri Ísraelsþjóðin aftur til heimalandsins og byggði upp nútíma gyðingaráki. Í landinu var aldrei - ég endurtek aldrei - ríki er kallaðist Palestína.

Svo hvaða tal er þetta um hernumið Palestínskt land?

Palestínuarabar hafa vissulega rétt til að búa þar eftir eigin geðþóttu og una glaðir við sitt. En hvaðan kemur þeim rétturinn til sjálfstæðs Palestínuríkis? Er það vegna þess að þeir búa þar?

Ímyndið ykkur ef Mexíkanasamfélagið í Kaliforníu, sem er fjölmennara en samfélag araba á Vesturbakkanum, tæki þá ákvörðun, að lýsa því yfir að Bandaríkin hafi hernumið land þeirra. Þetta sé land sem Mexíkanar búi á og þeir vilji fá sitt eigið sjálfstæða mexíkanska ríki. Ímyndið ykkur að Bandaríkjastjórn mundi svara: "Nei, þið getið búið hér, en þið getið ekki fengið fullveldi, þið getið ekki fengið sjálfstætt ríki." Við þetta svar myndu þeir hefja að senda sjálfsmorðssprengjuliða og aðra hryðjuverkamenn inn í bandarískar borgir til að drepa óbreytta borgara. Hvað halddið þið að myndi gerast?

Aldrei komu upp kröfur um ríki Palestínuraraba á Vesturbakkanum meðan Rómverjar ríktu, ekki heldur meðan Krossfarar ríktu, né Tyrkir, né Bretar, né þegar konungsríkið Jórdanía réði þar ríkjum. Þessar kröfur komu ekki upp fyrr en eftir að Ísrael hafði verið stofnað og hafði unnið blóðugt árásarstríð, sem háð hafði verið gegn því

af arabískum og müslimskum nágrannaríkjum þess með það yfirlýsta markmið að útrýma því.

Síendurtekinn og ofstækisfullur fullyrðingaflaumur áróðursmeistara araba og nánast allra fjöldi heimsins, sem látið hafa undan þrýstingi þeirra um að tala á sömu nótum, er að mínu mati mesta lygi okkar kynslóðar og allir spila með. Rætist þar kenning áróðursmeistara frá fyrri hluta síðustu aldar, sem fullyrti að sé lygi endurtekin nógum oft þá muni almenningur trúá henni. Þetta virðist vera laukrétt hjá honum, nema að því leyti að það er ekki aðeins almenningur sem trúir, heldur ráðamennirnir líka! Hverju sem þið trúíð varðandi þessi mál, finnst ykkur ekki að þessar staðreyndir, sem ég hef bent á í þessari grein eigi skilið umræðu þegar rætt er um þessi alvarlegu deilumál?

P.S: Þess má einnig geta, vegna þeirra sem talin hefur verið trú um að Palestína sé arabískt land, að arabar hafa ekki ráðið ríkjum í Palestínu frá 1.099 e.Kr. Aldrei hefur neitt annað fullvalda ríki en Ísrael verið í Palestínu. (Þýð.)

P.S. 2: Vesturbakkinn og Gaza eru ekki á svæði neins þjóðríkis. Hvorki Jórdanía né Egyptaland, sem land eiga að þessum svæðum gera tilkall til þeirra, né hafa neinn óskráðan eða skráðan rétt til þeirra. Eina ríkið, sem í sannleika á sögulegan rétt til þeirra, er í raun aðeins Ísrael! Á Vesturbakkanum hafa verið dreifðar gyðingabyggðir í meira en eina öld og á stöku stað miklu lengur. Réttur Gyðinga til þess að stofna og stækka landnemabyggðir er því alveg ótvíræður. Hvað Gyðingar telja sig þurfa að gera til að láta undan þrýstingi alþjóðasamfélagsins og morðarásum haturfullra araba er svo allt annað mál, sem hefur ekkert með sanngirni eða réttlæti að gera. Það hefur meira að gera með hatur og hefnigirni arabískra landtökumanna, sem krefjast þessa lands, þó að þeir hafi aldrei átt það og hafi þar aðeins grunnar rætur. (Þýð.)

Þýðandi:
Hreiðar Þór Sæmundsson



Réttur Palestínu-manna til alls lands í Palestínu?

Palestínumenn litu ekki á sig sem eigin þjóð fyrir 1960/67 og gerðu því ekkert tilkall til Palestínuríkis fyrr en þá. Þeir fúlsuðu við skiptingu landsins 1948, skiptingu sem Ísrael samþykkti. Hefðu palestínumenn haft vit á að samþykkja skiptinguna, þá væru flóttamenn vart út um allar trissur.

Hefði Jórdanía ekki innlimað vesturbakkan árið 1948, heldur stofnað þar ríki palestínumanna, væri betra að lifa í þessum heimshluta.

Hefði Arafat samþykkt Camp-Davið samkomulegið árið 2000, þar sem honum var boðið 96% af öllu landsvæði sem þeir hafa barist fyrir að fá, þá væri Palestína á hraðri leið til sjálfstæðis. En "mikill vill meira", einræðisherrann Arafat vildi allt landið, líka hluta Ísraelsmanna.

Nokkur ártöl og nöfn þeirra þjóða sem réðu yfir Palestínu.

Rómverska og Persneska heimsveldið, til 628,

633-637 Arabískt (múslímskt) hernám

1029-1291. Krossferðir til landsins, myrtu bæði gyðinga og araba.

1187. Saladín endurreisir Íslam í stórum hluta landsins.

1260. Mongólar ná völdum í landinu.

1517-1917. Tyrkir ríkja yfir landinu í 400 ár. Tyrkir eru ekki arabar.

1917-1920. Bretar sigruðu Tyrki, hernámu Palestínu og réðu þar ríkjum til ársins 1948. Bretar yfirlýsinguna, þar sem gyðingum er gefið loforð umþjóðarríki á öllu Palestínusvæðinu. Þeir sviku það loforð. Olían varð til þess að Bretar breyttu um stefnu í untaríkispólítík sinni.

1917. Bretar leggja fram Balfour-yfirlýsinguna, þar sem gyðingum er gefið loforð umþjóðarríki á öllu Palestínusvæðinu. Þeir sviku það loforð. Olían varð til þess að Bretar breyttu um stefnu í untaríkispólítík sinni.

1920-1948. Breskt umboðstjórnarsvæði.
(Þjóðarbandalagið)


1921. 77% af Palestínusvæðinu er tekið undir arabískt ríki. Transjórdanía.

1947. Bretum tekst ekki að leysa Palstínuvandamálkið, heldur eftirláta það Sameinuðu þjóðunum. S.P. komu með tillögu um skiptingu svæðisins sem eftir er. Gyðingum var ætlað þrjú svæði og Aröbum þrjú svæði. Gyðingar samþykktu, þó naumlega, en ekki Arabar.

1948. 14. maí. Yfírráðum breta lýkur og gyðingar lýsa yfir sjálfstæði og stofna Ísraelsríki.

1948. 15. maí. Sjálfstæðisstríðið byrjar. Egyptaland, Jórdanía, Sýrland, Írak og Líbanon ráðast á hið nýfædda ríki, með það í huga að útrýma því.
(Flóttamannavandamálið!)

1949. 3.júní. Vopnahlé. Landið hefur stækkað nokkuð frá skiptimgu S.P. Transjórdanía hertekur Samariú og



Júdeu (Vesturbakkann) og heldur þessu svæði í nítján ár. Sá hluti af Sinaí sem Ísrael hafði tekið er látið af hendi í friðarsamningum 1979.

1964. PLO er stofnað i Kairó að frumkvæði Egypta, Sýrlands og Íraks í þeim tilgangi að berjast gegn Ísrael.

1967. Sex daga stríði... Aðrir þátttakendur Araba í stríðinu voru S.Arabía. Líbýa, Alsír og Marokkó, studdir af Sovétskum ráðamönnum. Í sex daga stríðinum tekur (endurheimtit) Ísrael Austur-Jerusalem og stækkar landsvæði sitt með Gólanhæðum, Samariú og Júdeu, Sinai-skaganum og Gasa-svæðinu.

1967. Arabalöndin halda fund í Khartún. Þar mótuðu þau afstöðu sína í samskiptum vil Ísrael með þrem neikvæðum samþykktum.

1. Enginn friður við Ísrael

2. Engir samningar við Ísrael.

3. Ísrael verður ekki viðurkennt.

1973. Yom-Kippurstríðið. Samræmd árás Araba á Ísrael, en stór hluti Ísraelsmanna var þó óviðbúinn vegna friðþægingarhátiðarinnar. Sýrlendingar voru með 1200 skriðdreka gegn 70 í Ísrael. Eftir 3-4 vikur breittist staðan og Ísrael sá fram á að vinna. Í stríðslok hafði yfirráðasvæði Ísrael stækkað.

1979. Friðarsáttmáli við Egyptaland

1982. Ísraelsmenn hertaka S.Líbanon og umkringja Beirut í þeim tilgangi að vinna á höfuðstöðvum PLO, eyða vopnabúrum og stöðva þannig stöðugar árásir á Norður-Galileu.

1991. Írak gerir árás á Ísrael með því að skjóta 39 Scud-flugiskeitum í tengslum við Persaflöastríðið. Ísraelsmenn grípa ekki til mótaðgerða.

1993. Friðarsamningur við PLO, í Osló...




Skóli vonarinnar

Eins og undarfarið ár tók ég þátt í jólfagnaði skólans, 23.desember. Nemendur eru nú um 125, bæði píltar og stúlkur. Ég á að skila þakklæti með bæn um blessun Guðs til þeirra sem trúfastlega hafa stutt þetta hjálparstaf í mörg ár. Íslendingar sem eru á ferð á þessum slóðum, (skólinn er rétt hjá Betlehem) eru innilega velkomnir að heimsækja skólann.

Þeir sem vilja styðja þetta hjálparstarf geta haft samband við undirritaðan eða greitt á reikning okkar í Landsbankanum. 0137-05-69520 kt: 690191-1489

Ólafur Jóhannsson: zion.is



Arafat !

Mér er ekki ljúft að eyða tíma mínum í fréttadálki þessum til þess að minnast Jasser Arafat sem að mínum dómi var "Guðfaðir" alþjóðlegra hryðjuverkasamtaka, sem gaf þjóð sinni falskar vonir, sveik friðarvonir og hvatti til "heilags stríðs" gegn Ísrael. Hvatti unga menn til að gefa líf sitt í frelsisbaráttu PLO með sjálfsmorðsárásum á saklausa íbúa Ísraels. Stal milljónum dollara sem gefnir voru til hjálpar fáttækum og hungruðum palestínúmönnum (þetta er verið að rannsaka þessa daganna). Arafat var ábyrgur fyrir morðum fjölda andstæðinga, bæði meðal ísraela og palestínúmanna. Það væri hægt að skrifa langa grein um öll þau voðaverk, en sagan mun geyma og ekki gleyma fyrir næstu kynslóðir. Hendur Arafats voru ataðar blóði. Þeir sem minnast Arafats, með tár í augum og titrandi rödd, ættu að muna eftir "Svarta September" þegar Arafat og lið hans var rekið burt frá Jórdaníu eftir blóðugar óeirðir og dráp. Þeir ættu einnig að muna eftir hrottalegum árásum og drápum á kristnum falangistum í Beirut 1982. Þaðan voru þeir einnig reknir og fóru til Túnis. Mér er ekki vel við að rifja upp glæpi Arafats. Það munu aðrir vonandi gera.

Eins og með glæpi Hitlers og Stalíns í gyðingaofsóknum og morðum síðustu alda, mega myrkrawerk Arafats ekki gleymast í sögunni. Margt fleira væri hægt að rifja upp



Vopna- verksmiðja !

Ísraelska leyniþjónustan komst á snoðir um Palestínska vopnaverksmiðju nálægt borginni Jenín í Samaríu. Öryggisþjónustan komst að þessu við yfirheyrslu meðlima Hamas. Þarna fannst mikið af áhöldum til sprengjubúnaðar ásamt tilbúnum sprengjubeltum. Álitið hafði verið að á þessum stað væri trésmíðaverkstæði og samtengd verslun. Verksmiðjunni var eytt... Hópar tengdir Hamas og öðrum hryðjuverkasamtökum reyna að koma í veg fyrir friðarsamninga við Ísrael. Ísraelska varnarliðið hikar við að fara burt frá þessum svæðum á meðan mikil hætta er á árásum.

Er friður í nánd ?



Kóraninn segir: Þér trúáðir, vingist ekki við gyðinga né kristna menn. Þeir eru í vinfengi hvorir við aðra. Sá sem velur þá að vinum er orðinn einn af þeim. Allah leiðbeinir ekki hinum ranglátu. Sura 5.55.

Haldið fram til baráttu, hvort heldur vel vopnaða eður ei, og berjist með eignum yðar og lífi fyrir málstað Allah. Sura: 9.40.

Kristnir segja að Messías sé sonur Guðs (Allah). Allah formæli þeim. Ef þér berjist ekki, mun hann refsa yður harðlega...Sura: 9.30


Þeir sem heyja stríð gegn Allah og sendiboða hans, og kynda undir óold i landinu, skulu teknir af lífi, krossfestir eða hálshöggjur og fóthöggjur báðum megin...Sura: 5.35.

Svar...

Við trúum ekki á varanlegan frið, samin af mönnum, hvaða nafn sem þeir bera. Við trúum þó á varanlegan frið, þegar Friðarhöfðinginn (Jesús Kristur) fær að ráða. Að biðja Jerúsalem friðar, er að biðja um að Guðs-ríki megi ráða meðal okkar.

Til Ísrael á Biblíuslóðir

10-20 Júní (Héðan til kaupmannahafnar 9.Júní)



Einstök upplifun. Fararstjóri: Hinn vinsæli kennimaður og fræðari Snorri í Betel. Verð: kr 155.000 pr.pers. í tveggja m. herb. + 27.500 í einstaklings herb. Allt innifalið. Allar nánari upplýsingar gefur Ferðaskrifstofan Prima-Embla, Stangarhyl 1. Sími 5114080. Látið bóka ykkur sem fyrst. Takmarkaður fjöldi.

PRIMA EMBLA
HEIMSKLÜBBURINN

Drottinn grundvallaði borg sína á heilögum fjöllum, hann elskar hlið Síonar framar öllum bústöðum Jakobs.(Sálm.87,2).


Biðjið Jerúsalem friðar Sálmur 122:6

Lindin
Földarheims ÚTVARP

Útvarpstöð fyrir þig og þína allan sólarhringinn
Sími: 567 1818

OMEGA

Sjónvarpsstöð með boðskap. Hvers vegna ekki að gerast stuðningsmaður? Hringdu í s: 5800 700



ÚTGEFANDI ÍSRAELSFRÉTTA
Félagið Zion, vinir Ísraels
pósthólf 8930 128 RVK
www.zion.is

Ritstjóri:
Ólafur Jóhannsson

Greiðar sem skrifavar eru undir nafni eru á ábyrgðarfundar

Ef einhver vill styðja félagið okkar, vegna útgáfu blaðsins og hjálparstarf meðal gyðinga og araba í Ísrael, er bent á reikning okkar í Landsbankanum. 0137-05-69520 kt: 690191-1489

Félagið Zión, vinir Ísraels hafa í mörg ár stutt Skóla Vonarinnar í Beit Jala, sem er kristinn unglingskóli meðal fátækra Palestínumannar.